

## Fundargerð 106. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 22. September 2016 kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Ragnarsson, Guðmundur Helgi Þórarinnsson, Símon Guðvarður Jónsson, Guðni Þór Elísson, Samúel Ingvason, Andrés Bjarnason, Kristmundur Skarphéðinsson

Á fjarfundi Jón Jóhannsson og Guðmundur Sigurvinsson

Fjarverandi: Þorsteinn Hjálmarsson

Dagskrá :

1. Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ
2. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 105
3. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála
4. 42. Þing ASÍ 26. til 28. október 2016
5. Skýrsla Steinar Holdens
6. Aðalfundur VM föstudaginn 7. apríl 2017
7. AKKUR málaferli
8. Reglur um kynningu á frambjóðendum í stjórnarkjöri VM
9. Endurnýjun á Símsstöð og netþjóni
10. 6. mánaðar staða fjárhagsáætlunar VM
11. Yfirlit yfir fjárvörslu
12. Lagt fram til upplýsingar
13. Önnur mál

### Mál 1. Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ

Rætt var um verkefni byggingarfélagsins um byggingu ódýrra íbúða sem er að fara af stað. Verða leiguíbúðir. Halda á verði niðri með hönnun og útfærslu sem verður sem ódýrust í byggingu. Stefnt að verði kr. 350.000 á fermetra í stað kr. 450.000. Leigan áætluð kr. 1.900 á fermettar. Hér fara 20% af ráðstöfunarlaunum í að greiða vaxtamun milli Íslands og annar landa. Fastgengisstefna mun leiða til lægri vaxta.

#### *Samningamótelid og SALEK.*

Kennarar sömdu um 30% launahækkun 2014. Það varð markmið SGS í samningum þeirra. Niðurstaða úr samningahrinu 2015 á almenna markaðinum var 18%. Svo fóru aðrir hópar á opinberum markaði af stað. Endaði með rammasamningi í byrjun árs 2016. Þar var samið um 30% hækkun til ársloka 2018.

Ávinningur launafólks er alfarið fenginn vegna ytri áhrifa s.s. lækkuðu olíuverð og miklu innstreymi af gjaldeyri vegna ferðamanna. Þetta hefur styrkt gengið og haldið aftur af verðbólgu, sem er lítil þrátt fyrir miklar launahækkningar. Gjaldreyrisinnstreymið byggir nú á tekjum en ekki lánum eins og innstreymið gerði fyrir hrún. Gengið hefur hækkað um 6 - 7% síðustu 12 mánuði og mun halda áfram. Þetta er gott á meðan það er, en mun líklega ekki ganga endalaust og endar með gengisfellingu. Það eru 8 ár frá síðustu gengisfellingu, sem er nokkuð langt m.v. það sem hefur verið. Við byggjum styrkingu krónunnar á ferðamannaíðnaði sem hefur aldrei skaffað annað en lálauna störf. Nú eru kennarar á sama stað og þeir voru fyrir samninga þeirra 2014. Þetta höfrungahlaup hefur ekki skilað hópum á annan stað í launaröðin.

Samningamódelið byggir á fastgengi og samkeppnisstöðu. Útflutnings og samkeppnisgreinar semja fyrst. Ef þeir semja um of miklar hækkanir, þá gjalda þeir þess með samdrætti og atvinnuleysi. Erfiðasti hlutinn er launaröðun hópa. Margir telja sig eiga inni leiðréttingar, þ.e. leiðréttingu á launaröðun.

Lífeyrismál. Í samkomulaginu frá janúar 2016 var samið um 3% minni hækkun á almenna markaðinum, en þeim opinbera, til að nota þessi 3% í lífeyrissjóð. Spurningar eru um hvort betra er að setja viðbótina í séreign og sameign. Áhrif á samtrygginguna, ef allt fer í séreign, var könnuð. Niðurstaðan var að það hefði engin áhrif. Því er tillagan um bundna séreign en það vantar þetta hugtak í núverandi lög.

## **Mál 2. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 105**

Fundagerð síðasta fundar samþykkt.

## **Mál 3. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála**

Formaður fór yfir stöðu mála.

Kjarasamningur við Kerfóðrun samþykktur. Kosning um verkfall á fiskiskipum. Samninganefnin ákvað að fara í þessar aðgerðir. Sjómannafélag Íslands með í aðgerðinni. Kosið er um um ótímabundið verkfall vélstjóra á fiskiskipum, sem hefst kl. 23:00 þann 10. nóvember 2016.

Kosningin hófst mánudaginn 19. september og lýkur kl. 12:00 á hádegi þann 17. október 2016. Á kjörskrá eru 460. Vélstjórum á fiskiskipum hefur fækkað.

Megin áherslur sjómanna eru á gegnsæi í verðmyndun á fiski upp úr sjó. Vélstjórar gera kröfu um hækkun á hlut vélstjóra á þeim skipum þar sem fækkað hefur verið um 3ja vélstjóra og fá greiðslur í endurmenntun. Nýju húsin á Laugarvatni eru að komast í notkun. Kjararáðstefna VM 2016. Skráning hafinn og 40 eða 50 menn búnir að skrá sig. Þing ASÍ ung að byrja á morgun. Þrír fulltrúar VM.

Ferð aðila vinnumarkaðarins og sáttasemjara um norðurlöndin. Var rædd nokkuð með Gylfa. Fróðleg ferð.

## **Mál 4. 42. þing ASÍ þann 26. til 28. október 2016**

VM með 16 þingfulltrúa á þingi. Farið var yfir gögn um úthlutun þingfulltrúa og skiptingu. Hringt í þá sem fóru síðast til að kanna hvort þeir komist aftur. Komnir 14 fulltrúar. Einn bættist við. Höldum fulltrúaráðsfund þegar svör liggja fyrir.

## **Mál 5. Skýrsla Steinar Holdens**

Skýrsla Steinar Holden (Hagfræðideild Oslóarháskóla) um nýtt samningalíkan fyrir Ísland

Nýtt samningalíkan: Markmið og álitamál umræða, samantekt

Samanburður á stefnumótun um samningslíkan, sem unnin var í maí 2016, og skýrslu Steinar Holden.

## **Mál 6. Aðalfundur VM föstudaginn 7. apríl 2017**

Tillaga um aðalfundur VM föstudaginn 7. apríl 2017. Endurskoðendur munu verða búnir.

Samþykkt.

## **Mál 7. AKKUR málaferli**

Stjórnarmenn voru upplýstir um stöðu mála.

## **Mál 8. Reglur um kynningu á frambjóðendum í stjórnarkjöri VM**

Reglur um kynningu framjóðenda til stjórnar VM.

1. Félagið gefur út kynningarbækling með kynningu hvers framjóðanda.
2. Sama efni er sett á heimasíðu VM.

Annað efni:

Framjóðendur hafa kost á að senda þrjú rafræn fréttabréf frá félaginu þó ekki seinna en 10 dögum fyrir lok kosningar og stafafjölda.

Notkun framjóðanda á facebook-síðu VM.

Félagið setur inn allt kynningarefni framjóðenda vegna kosningarinnar inn á síðuna.

Eftirfylgni starfsmanna VM á efni frá framjóðendum eftir að skiladagur er liðinn verður engin.

Netsíður, blogg eða aðrir samfélagsmiðlar eru á ábyrgð framjóðenda.

1. Heimilt að setja krækjur á bloggsíður eða síðu framjóðenda á samfélagsmiðlum á kynningarsíðu framjóðenda á heimasíðu VM

Samþykkt á stjórnarfundi VM 22. september 2016

#### **Mál 9. Endurnýjun á Símsstöð og netþjóni**

Áætlaður kostnaður v. símsstöðvar og netþjóni

Samtals kr. 5.435.660 - Samþykkt

#### **Mál 10. 6. mánaðar staða fjárhagsáætlunar VM**

Skjal vantaði á svæði stjórnar á heimasíðu. Verður rætt á næsta fundi.

#### **Mál 11. Yfirlit yfir fjárvörslu**

Yfirlit frá Íslandsbanka. Skjal vantaði á svæði stjórnar á heimasíðu. Verður rætt á næsta fundi.

#### **Mál 12. Lagt fram til upplýsingar – á svæði stjórnar á heimasíðu VM**

Lokaskjal um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna.

Gögn vegna sameiningar Sameinaða lífeyrissjóðsins og Stafa lífeyrissjóðs. Boðun aukaársfundar

Sameinaða lífeyrissjóðsins 29. september 2016. Greinargerð um breytingar á samþykktum

Sameinaða vegna samrunans. Samningur um sameiningu. Tillaga að samþykktum nýs lífeyrissjóðs.

Fundað verður um þetta á næstunni.

**Mál 13. Önnur mál**

Búið að samþykkja húsnæðisfrumvarp ríkisstjórnarinnar og margir ánægðir með það.

Fundi slitið kl: 15:30

Halldór Arnar Guðmundsson ritaði fundargerð